

Sagan mótar ESB samtíðarinnar

Bókarhöfundur: **Tómas Ingi Olrich**

Bókarheiti: **Ísland og ESB**

Gagnrýnandi: **Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra**

Útgáfa: **Bókafélagið Ugly, 95 bls., kilja, Reykjavík 2011**

Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Það er ekki sjálfgefið að flokkur 15 blaðagreina standi undir því að birtast í bók. Greinar Tómas Inga þola það þrýðilega. Tilgangur höfundar er að breikka grunn umræðna um Evrópusambandið með því að tengja fortíð og samtíð. Honum tekst það.“

Tómas Ingi Olrich hefur aflað sér víðtækrar þekkingar á sögu Evrópuríkja og Evrópusambandsins í áranna rás. Hann hefur einnig haft nán kynni af Evrópuþjóðum fyrst sem námsmaður í Frakklandi og síðar sem alþingismaður, ráðherra og sendiherra. Þá hefur hann einnig langa kennarareynslu af því að miðla af þekkingu til annarra. Allt setur þetta svip á bók hans *Ísland og ESB*. Bókin er ekki mikil að vöxtum og mörgum er efni hennar kunnugt því að hún hefur að geyma 15 greinar sem Tómas Ingi birti í *Morgunblaðinu* fyrr á þessu ári.

Í greinunum veltir höfundur fyrir sér hvaða gildar ástæður geti verið fyrir því að Íslendingar sjái sér hag í að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Í stuttu máli kemst hann að sömu niðurstöðu og fimm þýskir fræðimenn, sem ég hitti í Berlín undir lok október 2011 að ekki verði séð að Íslendingar hafi nokkurn hag af aðild að sambandinu.

Tómas Ingi telur hverjum þeim, sem kynnir sér sögu Evrópu og fjölskrúðuga menningu, eðlilegt að verða Evrópusinni auk þess sem hver sá, sem kynnir sér hörmungar styrjalda og átaka í álfunni hljóti einnig að líta með vinsemd og samúð á tilraunir til að leggja traustan grundvöll að friði í álfunni með samvinnu um efnahagsmál og stjórnmál.

Í bókinni teflir hann fram rökum til stuðnings þeirri skoðun að þrátt fyrir þessar staðreyndir sé Íslendingum fyrir bestu að standa utan við ESB.

Brugðið er ljósi á uppruna Evrópusambandsins úr rústum síðari heimsstyrjaldarinnar og lýst þeim mönnum sem unnu að því að sameina krafta Þjóðverja og Frakka til að koma í veg fyrir að þjóðirnar hæfu enn á ný baráttu um völd og áhrif sín á milli. Óhjákvæmilegt er að hafa þessa mynd skýra í huga þegar lagt er mat á atburði líðandi stundar og hvatningu eindreginna stuðningsmanna Evrópusambandsins um að Þjóðverjar og Frakkar taki á ný höndum saman til að bjarga Evrópuverkefninu eins og menn kalla samrunaþróunina í Evrópu.

Þegar lesið er um fundi Angelu Merkel Þýskalandskanslara og Nicolas Sarkozys Frakklandsforseta og tillögur þeirra um breytingar á sáttmálum ESB til að bjarga

evrunni skiptir miklu til skilningsauka að vita um hugmyndafræðilega arfleifð Charles de Gaulles og áhrif þeirrar arfleifðar í frönskum stjórnámálum líðandi stundar.

Þótt Jean Monnet, guðfaðir ESB, hafi verið náinn samstarfsmaður de Gaulles í stríðinu og á fyrstu árunum eftir stríð rofnaði trúnaður á milli þeirra vegna þess að de Gaulle vildi ekki fórn þjóðríkinu á altari Evrópusamstarfsins. Sarkozy reynir enn að halda í þessa skoðun de Gaulles þótt hann á hinn bóginn samþykki að komið verði á ríkisfjármálabandalagi undir merkjum ESB sem þrengi að fjárlagavaldi þjóðþinga og ríkisstjórna. Frakklandsforseti telur að unnt sé að búa þannig um hnúta að um samstarf þjóðríkja sé að ræða þótt sameiginlegum stofnunum sé falið að dæma hvort þau hagi ríkisfjármálum sínum í samræmi við sameiginlegar reglur.

Þessi pólitíska arfleifð hvílir á herðum Sarkozys og á sama hátt ætlar Merkel að standa vörð gegn öllum breytingum á Seðlabanka Evrópu sem hún telur að geti kynt verðbólguþátt í Evrópu. Þjóðverjar vilji aldrei aftur lifa tíma óðaverðbólgu sem leiddu einræði og grimmdarstjórn yfir þá og síðan stríð yfir alla heimsbyggðina.

Í hraða líðandi stundar hættir mönnum til að gleyma strengjum í sál hvernar þjóðar sem ekki er unnt að þenja að nema vissu marki. Hið einkennilega við ESB-umræðurnar hér á landi er að hinir ákøfustu meðal aðildarsinna vilja gera lítið úr því þegar slegið er á slíka strengi í umræðum um Ísland og Evrópusambandið. Þeir menn eru taldir afturhaldsseggir og ekki í neinum tengslum við samtímann sem minna á djúpar rætur Íslandssögunnar og vilja láta sér annt um þær rætur. Bók Tómasar Inga minnir okkur á að alla þróun innan Evrópusambandsins og stækkun þess á undanförunum árum ber að skoða í sögulegu ljósi.

Sunnudaginn 4. desember 2011 birtist viðtal við Jacques Delors í breska blaðinu *The Sunday Telegraph*. Hann er einn af höfuðsmiðum Evrópusambandsins og sat lengi á æðsta valdastóli innan þess sem forseti framkvæmdastjórnar ESB. Í viðtalinu sagði Delors að evru-samstarfið hefði frá upphafi verið meingallað af því að stjórnámálamenn hefðu neitað að horfast í augu við hina pólitísku hlið þess, það er að koma á fót sambandsstjórn í efnahags- og ríkisfjármálum.

Tómas Ingi minnir á að Delors hafi velt því fyrir sér hvort Evrópubúar kærdi sig nokkuð lengur um hið sögulega verkefni sem býr að baki Evrópusambandinu. Að mati Delors er sagan sú forsenda Evrópusambandsins sem gnæfir yfir allar aðrar. Fleiri en Delors velja fyrir sér hvort sagan dugar lengur til að halda Evrópusambandinu á lífi, hvort lengur nægi til að réttlæta byrðar sem lagðar eru á almenning í ESB-ríkjunum að vísa til sögunnar og hörmunga í stríði sem lauk fyrir tæpum 70 árum.

Leið þeirra, sem vilja sannfæra aðra um ágæti Evrópusambandsins hlýtur til dæmis að vera önnur nú en þegar Þýskaland var klofið milli austurs og vesturs. Það krefst sterkra raka að sannfæra ungt fólk á 21. öld um að skynsemi búi að baki því að það gangi atvinnulaust milljónum saman af því annars verði evrunni eða ESB ekki bjargað. Tómas Ingi segir kaldhæðnislega en réttilega: „Evrópusambandið verður ekki sakað um að hafa ekki reynt að ráðast gegn atvinnuleysinu. En yfirlýsingar og útblásin markmið hafa ekki sömu þyngd og raunveruleikinn. Evrópusambandið er einnig mjög upptekið af ýmsum málum, sem ekki snerta velferð borgaranna innan sambandsins eins beint og atvinnumál gera. Það, sem ESB er einkum upptekið af, er það sjálft. Það

er önnum kafið við að laga stofnanakerfið, koma sér upp sterkara framkvæmdavaldi og finna lausn á svokölluðum lýðræðishalla Evrópubygggingarinnar.“ (bls. 75.)

Parna nefnir Tómas Ingi atvinnuleysið. Hið sama á við um evru-vandann. Hann hefur nú breyst í umræður um skipulagsmál Evrópusambandsins. Þær breyta engu fyrir þá sem búa við þrengri kjör en áður vegna niðurskurðar á öllum sviðum. Kannanir sýna einnig að andúð á evrunni vex hratt í ríkjunum þar sem hún er notuð.

Tómas Ingi ritar skýran texta og setur flókin mál í þann búning að öllum almennum lesendum ætti að verða auðvelt að skilja um hvað er rætt. Undir lok bókarinnar segir: „Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki spurnir af nema einu kerfi, sem jafnast á við andann í hátimbæðri embættisbyggingu Evrópusambandsins. Því var komið á laggirnar í Versölum, glæsihöll Lúðvíks fjórtánda, sólkonungsins fræga. Hann óttaðist fátt eins mikið og aðalinn, þar sem hann átti að vera fremstur meðal jafningja. Uppivöðslusamur forréttindaaðallinn hafði næstum komið konungi fyrir kattarnef í borgarastríði mjög snemma á löngum ferli hans. Loðvík kom á flóknu hirðsiðakerfi og flækti aðalinn í því neti. Utan um þennan gleðileik byggði hann Versali. Það sem eftir lifði af 73 ára valdaskeiði hans stóð honum ekki ógn af aðlinum.

Sumir áttu aðgang að pótintátum og valdsmönnum konungs, aðrir ekki. Mest virðing var að vera viðstaddur þá helgiathöfn þegar kóngur fór á fætur. Það leið ekki á löngu áður en allir helstu valdafíklar franska konungdæmisins hugsuðu ekki um annað en þessar launhelgar sólkonungsins.“ (Bls. 88-89.)

Þegar ég las þessa lýsingu sóttu eigin kynni af Evrópusambandinu og fundum með þátttöku fulltrúa embættismannakerfis þess á hugann. Hefur oft vakið undrun mína að sjá og heyra þá undirgefni og jafnvel lotningu sem fulltrúar ESB-ríkja telja sér skylt að sýna þessum embættismönnum. Þá er augljóst að fulltrúar Þýskalands og Frakklands telja sig njóta sérstöðu sem aðrir eigi að virða. Fleygt varð þegar Sarkozy skammaði David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og sagði honum að halda sér saman, hann væri ekki með evru og ætti ekki að skipta sér af málefnum evru-ríkjanna. „Þegar Þjóðverjar hafa hátt, skjálfa hinir. [...] Þegar Frakkar kjósa rangt, hrynja stjórnarskrádrög ESB. Þegar Írar kjósa rangt, eru þeir látnir kjósa aftur,“ segir Tómas Ingi.

Það er ekki sjálfgefið að flokkur 15 blaðagreina standi undir því að birtast í bók. Greinar Tómas Inga þola það prýðilega. Tilgangur höfundar er að breikka grunn umræðna um Evrópusambandið með því að tengja fortíð og samtíð. Honum tekst það.

Útlit og frágangur bókarinnar eru til fyrirmyndar vilji fleiri höfundar sigla í kjölfarið og leggja sitt af mörkum til marktækrar umræðu um Evrópusambandið á þessum óvissutíma um framtíð þess.